

Sjónlistir 8.-10. Bekkur.

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir: Eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: Leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 10. bekkjar.

	8.-10. Bekkur	
	<p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none">• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla,• skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.• greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,• sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,• skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,• notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,• gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,• greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,• greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,• túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði,• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,• greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.	

Hæfniviðmið.	<p>Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafslisins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.</p>	